

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. júní 2021

Mál nr. E-7484/2020:

**A**

*(Haukur Freyr Axelsson lögmaður)*

**gegn**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

*(Ólafur Lúther Einarsson lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 1. júní 2021, var höfðað 9. nóvember 2020 af A, [...], gegn Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða honum 7.742.074 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 frá 11. febrúar 2018 til 12. desember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 7.234.655 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá 11. febrúar 2018 til 27. maí 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 7.194.789 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá 11. febrúar 2018 til 12. desember 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

*Helstu málsatvik og ágreiningsefni*

Stefnandi lenti í umferðarslysi 11. nóvember 2017. Atvik voru þau að bifreiðinni EF-066, sem var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, var ekið aftan á bifreið sem stefnandi ók. Stefnandi leitaði á slysadeild Landspítalans samdægurs og við lækni skoðun kvartaði hann yfir verkjum í mjóbaki og var greindur með tognun í lendhrygg. Það liggur fyrir að stefnandi var metinn til hæsta örorkustigs vegna alvarlegs fíknisjúkdóms samkvæmt örorkumati Tryggingastofnunar um mitt ár 2014 og var gildistími matsins 1. júlí 2014 til 30. september 2016.

Aðilar öfluðu sameiginlega mats á afleiðingum slyssins samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Matsgerð Skúla Gunnarssonar lækni og Halldórs

Reynis Halldórssonar lögmanns lá fyrir 25. mars 2019. Talið var að varanlegur miski stefnanda væri 8 stig og varanleg örorka 8%. Þar sem stefnandi gat ekki sætt sig við þessa niðurstöðu fór hann fram á dómkvaðningu matsmanna og voru Sigurður Ásgeir Kristinsson læknir og Sigurður R. Arnalds lögmaður dómkvaddir. Samkvæmt matsgerð þeirra 20. apríl 2020 var talið að varanlegur miski stefnanda væri 12 stig og varanleg örorka 15%.

Með bréfi 27. apríl 2020 krafðist stefnandi bóta frá stefnda og var krafan byggð á fyrirbyggjandi matsgerð. Við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku var tekið mið af tekjum stefnanda á árinu 2017. Tekið var fram að óvenjulegar aðstæður hefðu verið hjá stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slysið og bæri að miða við annan mælikvarða, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefndi féllst ekki á kröfu stefnanda um útreikning bóta vegna varanlegrar örorku. Meðal gagna málsins er tölvubréf starfsmanns stefnda til lögmanns stefnanda frá 16. júlí 2020 þar sem fram kemur að váttryggingafélagið fallist ekki á að miða skuli við tekjur ársins 2017. Ákveðið hafi verið að koma til móts við stefnanda með því að miða við tekjur árin 2015 og 2016, en ekki 2014 þar sem það hafi verið fyrsta rekstrarárið. Með tölvubréfi lögmanns stefnda 12. ágúst sama ár var áréttað að stefnandi hefði verið á endurhæfingarlífeyri til loka árs 2016 og verið í námi til öflunar réttinda sem málaramameistari á árinu 2015. Laun á þessum árum gæfu því ekki rétta mynd af framtíðartekjum hans og bæri fremur að miðað við meðallaun iðnaðarmanna. Af hálfu stefnda var fyrri afstaða ítrekuð. Hinn 20. ágúst 2020 var bótauppgjör samþykkt af stefnanda með fyrirvara sem tók meðal annars til árslaunaviðmiðs vegna útreiknings á bótum sökum varanlegrar örorku. Í texta bótauppgjörins segir: „Byggt er á fyrirbyggjandi dómkvöddu mati dags. 20.4.2020. Bætur vegna varanlegrar örorku taka mið af launum og hagnaði vegna eigin reksturs tjónþola árin 2015-2016.“ Þá segir undir liðnum „Varanleg örorka“ að árslaun miðist við  $3.336.500 \times 6,99200 \times 15\%$  eða samtals 3.386.050 krónur. Vextir, sem voru 4,5%, námu samtals 376.615 krónum.

## II

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi vísar til þess að bótaábyrgð ökumanns bifreiðarinnar EF-066, sem var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, sé óumdeild. Aðila greini á um hvaða árslaun skuli lögð til grundvallar útreikningi bóta vegna varanlegrar örorku. Byggt er á því að stefndi hafi viðurkennt að víkja skuli frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þar sem í bótauppgjöri hafi verið miðað við tekjur og hagnað stefnanda á hluta viðmiðunartímabilsins. Hafi stefndi þannig samþykkt að árslaun skuli metin sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laganna og fallist á að óvenjulegar aðstæður hafi verið á viðmiðunartímabilinu, sem og að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda.

Uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eins og skýra beri ákvæðið að virtum lögskýringargögnum. Aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar síðustu þrjú árin fyrir slysið. Hann hafi notið endurhæfingarlífeyris frá Tryggingastofnun frá 2014 til loka september 2016 vegna veikinda þar sem hann hafi verið metinn til fullrar örorku. Þá hafi hann verið í námi til öflunar starfsréttinda sem málarameistari á árunum 2014 og 2015, en hann hafi útskrifast í janúar 2016. Það standist ekki að miða uppgjör við tekjur stefnanda síðustu tvö ár fyrir slysdag, eins og stefndi virðist gera. Þessi mælikvarði endurspeglar ekki með nokkru móti líklegar framtíðartekjur stefnanda enda hafi hann ekki notið fullra tekna á tímabilinu. Töluverður munur sé á tekjum stefnanda á þessu tímabili og þeim tekjum sem hann hafi haft eftir þetta tímabil.

Dómkröfur stefnanda eru byggðar á matsgerð dómkvaddra matsmanna þar sem fram kemur að varanleg örorka hans sé 15%. Í aðalkröfu er tekið mið af meðallaunum iðnaðarmanna árið 2018 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Tekið er fram að stefnandi hafi starfað sem iðnaðarmaður og beri að leggja til grundvallar meðallaun þeirrar starfsstéttar sem hann tilheyrði á stöðugleikatímamarki. Stefnandi hafi fengið meistarabréf í málaraiðn 20. janúar 2016 og hafi starfað sem málarameistari í eigin rekstri þegar slysið varð. Ekki séu til gögn um meðallaun málarameistara og beri því að líta til meðallauna iðnaðarmanna. Í matsgerð hafi verið lagt til grundvallar að stefnandi hefði starfað sem málarameistari í eigin rekstri hefði slysið ekki komið til. Þá starfi stefnandi enn við sömu iðn í eigin rekstri og sé litið til hagnaðar af rekstrinum séu tekjur hans í nokkru samræmi við meðallaun iðnaðarmanna. Árslaun iðnaðarmanna árið 2018 hafi numið 9.516.000 krónum ( $793.000 \cdot 12$ ) og 10.610.340 krónum að viðbættu 11,5% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda.

Varakrafa taki mið af tekjum og hagnaði af rekstri stefnanda á slysrárinu 2017, uppreiknuðum til tólf mánaða og miðuðum við stöðugleikatímamark. Það hafi fyrst verið á árinu 2017 sem stefnandi hafi haft fullar tekjur af þeirri iðn sem hann hafði menntað sig til og starfaði við á slysdagi. Viðmiðið gefi því raunsanna mynd af líklegum framtíðartekjum hans. Laun stefnanda árið 2017 hafi numið 5.220.000 krónum eða 5.702.850 krónum að viðbættu 9,25% mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð. Hagnaður á árinu hafi numið 4.082.480 krónum. Samtala launa og hagnaðar sé því 9.785.330 krónur. Fjárhæðin nemi 10.126.531 krónu uppreiknuð fram að stöðugleikatímamarki að teknu tilliti til vísitölu neysluverðs.

Í þrautavarakröfu er tekið mið af meðallaunum iðnaðarmanna á slysrárinu 2017 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Vísað er til sömu sjónarmiða og greinir vegna aðalkröfu. Árslaun iðnaðarmanna árið 2017 hafi numið 9.048.000 krónum ( $754.000 \cdot 12$ ) og 10.088.520 krónum að viðbættu 11,5% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda.

Í stefnu er gerð nánari grein fyrir útreikningi krafna stefnanda, þar með talið vöxtum og dráttarvöxtum.

### III

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi vísar til þess að við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku sé meginreglan sú að taka skuli mið af meðaltekjum tjónþola, að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysdag, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Sönnunarbyrði fyrir því að beita beri undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. hvíli á stefnanda og skuli skýra ákvæðið þröngt. Stefndi hafi aldrei fallist á að beita bæri ákvæðinu og telji hann ekki uppfyllt skilyrði til þess. Texti á yfirliti vegna bótauppgjors um forsendur launaviðmiðs sé ekki í samræmi við þau viðmið sem raunverulega hafi verið lögð til grundvallar. Fram komi að bætur taki mið af launum og hagnaði vegna eigin reksturs stefnanda árin 2015–2016, en í raun hafi verið miðað við lágmarkslaun 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Það var nánar skýrt við munnlegan málflutning að um misritun á yfirlitinu hefði verið að ræða sem rekja mætti til fyrri viðræðna aðila.

Byggt er á því að rétt hafi verið að miða við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, sbr. 1. mgr. greinarinnar, og að tjón stefnanda hafi verið að fullu bætt. Stefndi hafi verið 53 ára gamall þegar hann slasaðist. Hann hafi verið búsettur í Svíþjóð á árunum 1990 til 2006, en hafið nám í Iðnskólanum í Reykjavík það ár og lokið sveinsprófi 2008. Þá hafi stefndi lokið meistara réttindanámi í málaraiðn árið 2015. Stefndi byggji sjálfur á því að hann hafi starfað meira og minna sem málarari frá árinu 1998. Engin gögn liggja fyrir um tekjusögu hans frá því fyrir 2014 nema takmarkaðar upplýsingar í matsgerð. Þar komi fram að stefndi hafi tekjuárið 2012 eingöngu verið með greiðslur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum Íslands, auk þess sem hann hafi fengið félagslega aðstoð frá sveitarfélagi, samtals 1.594.796 krónur. Þá komi fram að á tekjuárinu 2013 hafi stefndi eingöngu verið með greiðslur frá Tryggingastofnun sem hafi numið samtals 2.197.425 krónum. Á árinu 2014 hafi stefndi verið með 600.000 krónur í reiknað endurgjald og 848.114 krónur í hreinar tekjur úr rekstri. Þar að auki hafi hann fengið greiðslur frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóði, sem og félagslega aðstoð frá sveitarfélagi, samtals 2.500.709 krónur. Rekstrartekjur ársins hafi numið 2.081.019 krónum. Árið 2015 hafi stefndi verið með 800.000 krónur í reiknað endurgjald og 1.023.568 krónur í hreinar tekjur úr rekstri, auk þess sem hann hafi notið greiðslna frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóði, samtals 1.561.783 króna. Rekstrartekjur ársins hafi numið 3.132.871 krónu. Á árinu 2016 hafi stefndi verið með 2.276.000 krónur í reiknað endurgjald og 7.321 krónu í hreinar tekjur úr rekstri. Jafnframt hafi hann samtals fengið 1.156.547 krónur í

greiðslur frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóði. Rekstrartekjur ársins hafi numið 5.259.526 krónum. Árið 2017 hafi stefnandi verið með 5.220.000 krónur í reiknað endurgjald og 4.082.480 krónur í hreinar tekjur úr rekstri. Þá hafi hann fengið 4.180 krónur frá Tryggingastofnun. Rekstrartekjur ársins hafi numið 19.270.433 krónum. Árið 2018 hafi stefnandi verið með 5.580.000 krónur í reiknað endurgjald en reksturinn hafi skilað tapi sem hafi numið 1.319.784 krónum það ár. Vegna tapsins hafi reiknað endurgjald lækkað í 4.464.345 krónur. Rekstrartekjur ársins hafi numið 7.126.300 krónum. Árið 2019 hafi stefnandi verið með 5.940.000 í reiknað endurgjald en ekki liggi fyrir upplýsingar um hvernig reksturinn hafi gengið það ár. Á slysdegi hafi stefnandi verið í eigin rekstri sem hafi verið bundinn við kennitölu hans og hafi verið um einkafirma að ræða.

Upplýsingar um atvinnuþátttöku og tekjur stefnanda gefi alls ekki til kynna að aðstæður hans hafi með einhverjum hætti verið óvenjulegar á árunum 2014 til 2016 í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Atvinnuþátttaka stefnanda hafi verið stopul og tekjur hans vegna launaðrar vinnu mjög takmarkaðar fram að slysárinu. Launatekjur stefnanda hafi ávallt verið mun lægri en þau árslaunaviðmið sem hann vilji miða við. Að minnsta kosti síðustu fimm ár fyrir slysið hafi lágmarkslaunum samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga ekki verið náð. Eftir uppreikning lágmarkslauna til stöðugleikapunkts 11. febrúar 2018, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna, nemi þau 3.228.500 krónum. Tekjur stefnanda á árunum 2014 til 2016 hafi ekki náð lágmarkslaunum jafnvel þó að þær séu uppreiknaðar miðað við breytingu á launavísitölu. Þótt tekið sé mið af hagnaði atvinnurekstrar árin 2014 til 2016, sem þó skuli ekki gert samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar, nái tekjurnar ekki lágmarki 3. mgr. 7. gr. laganna. Uppreiknuð árslaun stefnanda 2014 miðað við 600.000 króna grunn, 8% lífeyrisréttindi og 848.114 króna hagnað af atvinnurekstri nemi 1.974.49 krónum. Þá nemi uppreiknuð árslaun 2015 miðað við 800.000 króna grunn, 8% lífeyrisréttindi og 1.023.568 króna hagnað af atvinnurekstri 2.324.309 krónum. Uppreiknuð árslaun 2016 miðað við 2.276.088 króna grunn, 8,5% lífeyrisréttindi og 7.233 króna hagnað af atvinnurekstri nemi 2.738.586 krónum. Samkvæmt þessu hafi meðalatvinnutekjur stefnanda verið 2.345.798 krónur, sem sé talsvert frá lágmarkslaunum 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Þau árslaunaviðmið sem kröfur stefnanda byggist á séu verulega úr takti við tekjusögu hans og sé afar ólíklegt að hann muni afla þeirra tekna í framtíðinni. Meðallaun iðnaðarmanna á árinu 2018, sem aðalkrafa stefnanda miðast við, sé ekki réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans en lágmarkslaun. Um sé að ræða óhæfan viðmiðunargrundvöll. Útreikningur á meðaltali fari almennt fram í því skyni að finna miðju tiltekinna mælinga. Meðaltal sé afar viðkvæmt fyrir svokölluðum útlögum og gefi ekki rétta mynd af miðju mælinga sé dreifing þeirra skekkt. Aftur á

móti hafi útlagar ekki mikil áhrif á svokallað miðgildi og sé það því betri mælikvarði á miðju gagna ef útlagar eru í mælingunum, svo sem virðist vera í útreikningi á meðallaunum iðnaðarmanna. Ekki sé að finna upplýsingar um dreifingu mælinganna í þeim gögnum frá Hagstofu Íslands sem stefnandi byggir á, en mörg hundruð starfsheiti virðist falla undir mælingar um meðallaun iðnaðarmanna. Þá standi ekki líkur til þess að tekjur stefnanda muni í framtíðinni ná meðallaunum iðnaðarmanna. Hann hafi aldrei fengið 793.000 krónur á mánuði og bendi ekkert til þess að það sé réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans. Áréttað er að fram til ársins 2017 hafi laun stefnanda ávallt verið lægri en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Árið 2017 hafi stefnandi verið með 435.000 krónur á mánuði miðað við reiknað endurgjald, en 372.029 krónur á mánuði árið 2018 miðað við leiðrétt reiknað endurgjald. Ekki liggi fyrir hvert leiðrétt reiknað endurgjald stefnanda sé fyrir árið 2019. Þá gangi það gegn þeim sjónarmiðum sem 7. gr. skaðabótalaga sé byggð á að miða við tekjur tjónþola eftir að slys hefur orðið. Hljóti þá í öllu falli að þurfa að taka tillit til hækkunar launa frá stöðugleikapunkti til loka árs 2018 en það hafi stefnandi ekki gert. Jafnframt sé ótækt að miða við 11,5% framlag atvinnurekanda til lífeyrisréttinda, enda hafi slík skylda tekið gildi 1. júlí 2018 en fram til þess tíma miðast við 10%.

Varakröfu stefnanda er mótmælt með vísan til þess að reiknað endurgjald og framtalinn hagnaður hans á árinu 2017 gefi ekki réttari mynd af framtíðartekjum hans en lágmarkslaun. Það standist ekki að byggja væntar framtíðartekjur á hagnaði eins árs í rekstri félags sem sé jafnframt á skjön við öll önnur rekstrarár. Þó að rekstur hafi skilað hagnaði í eitt ár sé það ekki trygging fyrir síðari hagnaði og sé niðurstaða ársreiknings um hagnað háð mörgum breytum. Þá hafi ekki verið lögð fram gögn um hlutdeild stefnanda í öflun rekstrartekna. Samkvæmt óendurskoðuðum ársreikningi vegna ársins 2017 hafi rekstrartekjur verið mjög háar samanborið við fyrri og síðari ár. Þar komi einnig fram að stefnandi hafi greitt 3.822.580 krónur án virðisaukaskatts til verktaka og hafi hann því ekki sjálfur skapað allar þær rekstrartekjur sem fram komi í ársreikningnum. Stefndi mótmælir uppreikningi stefnanda á launum miðað við vísitölu neysluverðs, en tekur fram að um misritun virðist vera að ræða þar sem vísitalan sjálf sé í samræmi við launavísitölu.

Þrautavarakröfu stefnanda er mótmælt og tekið fram að meðallaun iðnaðarmanna á árinu 2017 séu ekki réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda en lágmarkslaun. Í þeim efnum vísast til röksemda vegna aðalkröfu stefnanda sem áður hafa verið raktar, auk þess sem miða beri við 9,25% framlag atvinnurekanda til lífeyrisréttinda þar sem skylda til 11,5% framlags hafi fyrst tekið gildi 1. júlí 2018.

#### IV

*Niðurstaða*

Stefnandi lenti í umferðarslysi 11. nóvember 2017 og er ekki deilt um bótaskyldu stefnda eða afleiðingar slyssins. Aðila greinir á um hvort ákveða skuli árslaun við útreikning á bótum vegna varanlegrar örorku á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga eða hvort uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. greinarinnar til að ákveða árslaun sérstaklega.

Það liggur fyrir að árslaun stefnanda síðustu þrjú almanaksárin fyrir slysið, það er árin 2014, 2015 og 2016, voru undir þeim lágmarkslaunum sem tilgreind eru í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Beiting meginreglu 1. mgr. 7. gr. felur í því tilviki í sér að miða ber við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. greinarinnar, uppreiknuð í samræmi við 15. gr. laganna. Stefnandi hefur þegar fengið greiddar bætur á þeim grundvelli, eins og sjá má af yfirliti vegna bótauppgjors frá 20. ágúst 2020 þar sem miðað var við 3.228.500 krónur í árslaun. Leggja verður til grundvallar að mistök hafi valdið því að í texta á yfirlitinu kemur fram að miðað sé við laun og hagnað vegna eigin reksturs stefnanda árin 2015 til 2016, enda eru þær tölur sem miðað var við ekki í samræmi við það. Það verður því ekki talið að stefndi hafi með bindandi hætti fallist á að beita beri 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við uppgjör bóta vegna varanlegrar örorku.

Stefnandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til þess að ákveða árslaun sérstaklega, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar frá 22. febrúar 2018 í máli nr. 71/2017. Hann þarf að sýna fram á að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi á viðmiðunartímabilinu, sem og að þær valdi því að ætla megí að annar mælikvarði en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans. Við mat á því hvort beita skuli ákvæðinu má líta til athugasemda við 6. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 37/1999 sem breyttu 7. gr. skaðabótalaga. Þar er meðal annars tekið fram að launatekjur liðinna ára séu ekki góður mælikvarði hafi breytingar orðið á högum tjónþola skömmu áður en slys varð eða þegar fullyrða má að slíkar breytingar standi fyrir dyrum. Sem dæmi er nefnt að tjónþoli hafi skipt um starf þannig að breyting hafi orðið á tekjum eða hann látið af starfi og hafið töku lífeyris. Tekið er fram að í slíku tilviki sé eðlilegra að ákveða viðmiðunarlaunin miðað við nýjar aðstæður. Á sama hátt yrði tekjuviðmiðun námsmanns, sem væri að ljúka starfsréttindanámi, eðlilegust miðað við það starf.

Stefnandi er fæddur á árinu 1964 og var 53 ára þegar slysið varð. Fram kom í aðilaskýrslu hans fyrir dómi að hann hefði aðallega unnið við málningarvinnu frá árinu 1998 og kemur það jafnframt fram í fyrirliggjandi matsgerð. Stefnandi lauk sveinsprófi frá Iðnskólanum í Reykjavík á árinu 2008. Hann mun í gegnum tíðina einkum hafa starfað sem launþegi eða undirverktaki hjá öðrum málarameisturum, en hóf fyrst sjálfstæðan rekstur sem var bundinn við kennitölu hans á árinu 2011. Þá byrjaði hann í námi til öflunar starfsréttinda sem meistari haustið 2013 og hlaut meistarábréf í málaraiðn í janúar 2016. Fram kom í aðilaskýrslu stefnanda að hann

hefði í framtíðinni hug á að hætta eigin rekstri og gerast launþegi. Það liggja ekki fyrir gögn um launatekjur stefnanda frá fyrri tíma en árinu 2014. Það verður þó ráðið af matsgerð að á árinu 2012 hafi stefnandi eingöngu notið greiðslna frá opinberum aðilum á borð við Tryggingastofnun, samtals um 1.600.000 krónur. Þá hafi hann fengið greiðslur frá Tryggingastofnun á árinu 2013 sem hafi samtals numið tæpum 2.200.000 krónum. Eins og áður greinir var stefnandi metinn til hæsta örorkustigs vegna alvarlegs fíknisjúkdóms samkvæmt örorkumati Tryggingastofnunar sem var í gildi frá 1. júlí 2014 til 30. september 2016. Fram kom í aðilaskýrslu að stefnandi hefði sinnt málningarvinnu að því marki sem heimilt var á meðan örorkumatið var í gildi. Ráðið verður af skattframtali 2015 að reiknað endurgjald vegna eigin atvinnureksturs stefnanda hafi á árinu 2014 numið 600.000 krónum og hreinar tekjur af rekstrinum tæpum 900.000 krónum. Samkvæmt skattframtali 2016 nam reiknað endurgjald 800.000 krónum á árinu 2015 og hreinar tekjur af atvinnurekstri rúmri 1.000.000 króna. Sé litið til skattframtals 2017 nam reiknað endurgjald árið 2016 rúmum 2.200.000 krónum og voru hreinar tekjur af atvinnurekstri rúmar 7.000 krónur. Samkvæmt skattframtali 2018 nam reiknað endurgjald á árinu 2017 um 5.220.000 krónum og hreinar tekjur af rekstrinum rúmum 4.000.000. Þá verður ráðið af skattframtali 2019 að reiknað endurgjald á árinu 2018 hafi verið rúmar 4.400.000 krónur og hafði þá verið tekið tillit til um 1.300.000 króna taps af atvinnurekstrinum. Samkvæmt skattframtali 2020 var reiknað endurgjald 5.940.000 krónur, en ekki koma fram upplýsingar um tekjur af atvinnurekstrinum.

Til stuðnings því að óvenjulegar aðstæður hafi verið uppi á viðmiðunartímabilinu hefur stefnandi vísað til þess að hann hafi verið metinn til fullrar örorku á þessum tíma og unnið að öflun starfsréttinda sem meistari í málaraíðn. Fallast má á að sú staðreynd að stefnandi var metinn til hæsta örorkustigs frá 1. júlí 2014 til 30. september 2016 og gat aðeins stundað vinnu að takmörkuðu leyti bendi til þess að aðstæður hafi verið óvenjulegar. Til þess er þó að líta að stefnandi virðist eingöngu hafa notið greiðslna frá Tryggingastofnun á árunum 2012 og 2013. Þá hefur hann, eins og áður greinir, veitt takmarkaðar upplýsingar um atvinnuþátttöku sína og launagreiðslur fyrir þann tíma. Þannig liggja ekki fyrir upplýsingar um tekjur stefnanda af málningarvinnu sem hann kveðst hafa stundað frá árinu 1998 fram til ársins 2014 þegar hann var metinn tímabundið til fullrar örorku. Jafnvel þó fallist yrði á að óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga hafi verið fyrir hendi, svo sem þar sem stefnandi stundaði nám til öflunar meistararéttinda sem málari á hluta viðmiðunartímabilsins, þarf hann einnig að sýna fram á að önnur laun en lágmarkslaun séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans. Gögn málsins bera með sér að fyrir slysárið hafi launatekjur stefnanda aldrei náð lágmarkslaunum samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Þá verður hvorki séð að stefnandi hafi fyrir né eftir slysið notið launa í

samræmi við meðallaun iðnarmanna sem aðalkrafa og þrautavarakrafa taka mið af. Að sama skapi verður með engu móti séð að reiknað endurgjald og hagnaður af rekstri á árinu 2017 gefi réttari mynd af framtíðartekjum stefnanda, enda ljóst að hagnaður er háður mörgum breytum og að sveiflur hafa verið í tekjumyndun stefnanda. Að mati dómsins renna upplýsingar um atvinnuþátttöku stefnanda fyrir slysið og launatekjur, að því marki sem upplýst hefur verið um þær í málinu, ekki stöðum undir að þau viðmið sem um ræðir séu réttari mælikvarði á framtíðartekjur hans en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Að öllu virtu eru því ekki uppfyllt skilyrði til að beita undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laganna.

Stefnanda hafa þegar verið greiddar skaðabætur vegna varanlegrar örorku þar sem miðað var við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og hefur tjón hans verið að fullu bætt. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D Ó M S O R Ð :**

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Ásgerður Ragnarsdóttir

-----  
Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur, 29. júní 2021.